



Reykjavík 3. mars 2021

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra,  
fjármála- og efnahagsráðuneytinu,  
Arnarhvoli við Lindargötu,  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn fjárlaganefndar um greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra vegna framhalds á sölu á hlutum í Íslandsbanka.**

Með bréfi til Alþingis frá 10. febrúar sl. óskaði fjármála- og efnahagsráðherra eftir því að fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd veittu umsögn um greinargerð vegna framhalds sölu á hlutum ríkisins í Íslandsbanka.

**Lagarammi umsagnarinnar.**

Í lögum nr. 155/2012 kemur fram að fjármála- og efnahagsráðherra er heimilt að selja að öllu leyti eða að hluta tiltekna eignarhluti í fjármálafyrirtækjum, að fenginni heimild í fjárlögum og að fengnum tillögum Bankasýslu ríkisins.

Í 2. gr. laganna kemur fram að þegar ráðherra hefur fallist á tillögu Bankasýslu ríkisins um sölu eignarhluta í fjármálafyrirtæki skuli hann útbúa greinargerð um ráðgerða sölumeðferð og leggja fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Ráðherra skal jafnframt leita umsagnar Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð.

Í 3. gr. laganna kemur fram að við sölumeðferð skuli áhersla lögð á opið sölufleri, gagnsæi, hlutlægni og hagkvæmni. Í lögum kemur einnig fram að Bankasýsla ríkisins skuli annast sölumeðferðina í samræmi við ákvörðun ráðherra.

Sjálfa söluheimildina er að finna í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2022 þar sem fram kemur í lið 5.1 heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf.

**Forsaga málsins.**

Áform um sölu á hlutum í Íslandsbanka hafa verið á dagskrá stjórnvalda allt frá árinu 2015. Ríkið eignaðist öll hlutabréf í bankanum sem hluta af stöðuleikaframlagi Glitnis við uppgjör þrotabúsins og var eigandi að tveimur af þeim þremur stóru viðskiptabönkum sem starfa á fjármálamarkaði hérlendis.

Meiri hluti nefndarinnar telur að sala á 35% hlut ríkisins sl. sumar hafi gengið vel fyrir sig. Eftirspurn reyndist miklu meiri en framboðið og samtals eignuðust um 24 þúsund hluthafar hluti í bankanum. Niðurstaða um verð sem nam 79 kr. á hvern hlut var mjög viðundandi, sérstaklega í ljósi óvissu í efnahagslífinu vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Í árslok 2021 hafði hluthöfum fækkað í 15.700 talsins. Ríkissjóður heldur enn á 65% hlutfjár, breskir og bandarískir sjóðir eiga samanlagt um 5% og af innlendum hluthöfum eru lífeyrissjóðirnir stærstir. Hluthafahópurinn er fjölmennasti

F J Á R L A G A N E F N D

hluthafahópur skráðs félags og fullyrða má að markmiðið um fjölbreytt og dreift eignarhald hafi náðst.

Nefndin hefur kallað til gesti og óskað eftir minnisblöðum frá nokkrum aðilum. Á fund nefndarinnar hafa komið gestir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Bankasýslu ríkisins, ASÍ og SA auk hagfræðinganna Gylfa Magnússonar, Jóns Þórs Sturlusonar og Jóns Daníelssonar.

### **Markmið með sölu á hlutum í Íslandsbanka.**

Í greinargerð ráðherra koma fram helstu markmið með sölu á hlutum í bankanum. Þau eru þau sömu sex markmið og fram komu í fyrri greinargerð. Markmiðin eru:

- Að minnka áhættu ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu.
- Að efla virka samkeppni á fjármálamarkaði.
- Að hámarka endurheimtur ríkissjóðs af eignarhaldinu og sölu á hlutum.
- Að stuðla að fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi til lengri tíma.
- Að auka fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda einstaklinga og fagfjárfesta,
- Að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslegra arðbærra fjárfestinga.

Fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd fjölluðu um þessi markmið í bréfum sínum frá 20. janúar 2021 í aðdraganda þess að ríkið seldi sem nam 35% af hlutum í bankanum. Þær röksemdir sem meiri hluti nefndarinnar gerði grein fyrir í bréfi sínu, standa áfram fyrir sínu og óþarfi að endurtaka þær í heild sinni.

Þess í stað eru áréttuð nokkur atriði sem sérstaklega snúna að verksviði fjárlaganefndar þar sem sérstaklega er fjallað um þau þrjú markmið sem varða ríkissjóð sem meirihlutaeiganda í bankanum.

### **Markmið um að hámarka endurheimtur ríkissjóðs af eignarhaldinu.**

Mikil óvissa var í efnahagslífinu þegar ákveðið var að selja 35% af hlutafé í bankanum. Nú hafa aðstæður batnað til muna. Mat á virði útlána viðskiptabankanna sýnir fram á þennan viðsnúning. Um helmingur af niðurfærslu útlána ársins 2020 hefur verið dregin til baka í uppgjörum bankanna fyrir árið 2021. Þar með jókst arðsemi verulega á milli ára og efnahagsreikningur Íslandsbanka sem liggur til grundvallar sölu á bréfum ríkissjóðs er mun sterkari heldur en sá sem lá til grundvallar frumútboði.

Verð hlutabréfa er töluvert hærra nú en þegar frumútboð Íslandsbanka fór fram sl. sumar. Þannig hefur heildarvísitala Aðalmarkaðar hækkað um 17% frá lokum útboðsins og verð hlutabréfa Íslandsbanka er nú rúmlega 30% hærra en í lok fyrsta viðskiptadags með bréfin 22. júní sl. Verð hlutabréfa annarra banka hefur einnig hækkað á sama tíma.

Það er því mat meiri hlutans að tímasetningin nú sé hagstæð fyrir ríkissjóð og til þess fallin að hámarka söluandvirði á hlutum ríkissjóðs. Í stað framtíðararðgreiðslna sem ávallt ríkir töluverð óvissa um, fæst eingreiðsla við sölu sem á að endurspeglu núvirtar væntar framtíðargreiðslur úr rekstri bankans.

### **Markmið um að minnka áhættu af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu.**

Á sl. árum hafa átt sér stað miklar tækniframfarir innan fjármálageirans. Í því felast mikil tækifæri en einnig talsverð áhætta sem snýr að núverandi rekstrarmódeli viðskiptabanka. Í ljósi þeirra breytinga sem eiga sér stað í fjártækni er vandséð að ríkið sé heppilegasti eigandi að banka þar sem taka þarf skjótar og erfiðar ákvarðanir til að halda viðskiptaböndum samkeppnishæfum á komandi árum.

Meiri hlutinn tekur einnig undir sjónarmið sem fram kom hjá umsagnaraðila um að óheppilegt sé að stjórnvöld sem bera ábyrgð á því regluverki sem bankarnir starfa eftir og hefur eftirlit með þeim, sé jafnframt eigandi að stórum hluta bankakerfisins. Ríkið er nú þegar eigandi Landsbankans og ekki er stefnt að því að selja meiri hluta bréfa í bankanum.

### **Markmið um að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslegra arðbærra fjárfestinga.**

Nefndin kallaði eftir minnisblaði frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu þar sem sérstaklega er fjallað um áhrif af sölu Íslandsbanka á skuldir og vaxtabyrði ríkissjóðs. Þar er lagt mat á áhrif þess ef ekki kemur til frekari sölu á hlut ríkissjóðs í bankanum. Stærsti óvissuþátturinn í því mat eru áhrif á vaxtakjör ríkissjóðs. Áhrifin eru af þrennum toga.

1. Skuldabréfaútgáfa ríkisins verður þá hærri en ella vegna meiri fjárþarfar.
2. Á móti vegur að ríkið fær þá áfram arðgreiðslur frá bankanum.
3. Gera má ráð fyrir að aukin skuldabréfaútgáfa þrýsti ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa upp.

Í fjárlögum fyrir árið í ár, er gert ráð fyrir að útgáfa innlendra skuldabréfa nemi um 160 mia.kr. Ef hún hækkar í 235 mia.kr. gæti það haft þau áhrif að vaxtakjör ríkisins versni um 0,2 prósentustig á þessu og næsta ári þar sem aukið framboð ríkisbréfa leiðir til lakari vaxtakjara í útboðum ríkisins. Slíkt mat er reyndar háð mikilli óvissu. Hærri skuldir gætu síðan þrýst kröfunni upp um önnur 0,2 prósentustig á meðan skuldaaukningin varir. Það þýðir að hækkun skulda jafnvel þó svo að hækkunin sé lítil, hækkar yfir tíma einnig kostnað af öllum öðrum útistandandi skuldum.

Einnig hækka vaxtagjöld vegna hærri lántöku en á móti þeim vöxtum vega arðgreiðslur bankans. Nettóáhrifin miðað við þessar forsendur eru að vaxtagjöld aukast um samtals 32 mia.kr. á tímabilinu 2022-2026 og skuldir aukast um 152 mia.kr.

Þessu til viðbótar má benda á að ef áætlað söluvirði Íslandsbanka er ekki notað til að lækka skuldir þá hækka þær um 4% af vergri landsframleiðslu og verða þar með hærri en gert er ráð fyrir í nýsamþykkttri fjármálastefnu.

Meiri hluti nefndarinnar hefur á sl. árum bent á mikilvægi þess að viðhalda fjárfestingargetu hins opinbera til þess að stuðla að arðbærri fjárfestingu sem nýtist öllum landsmönnum til langs tíma. Ekki var kostur á því í kjölfar bankahrunsins árið 2008 og segja má að ríkissjóður sé enn að ná til lands í þeim efnunum auka viðhald og fjárfestingar til að vega upp á móti niðurskurði á þessum sviðum á fyrstu árunum eftir bankahrunið.

Sala á eftirstandandi hlut ríkisins í Íslandsbanka stuðlar að þessu markmiði. Þar skapast aukið svigrúm til nauðsynlegra arðbærra fjárfestinga.

### **Önnur markmið með sölunni.**

Önnur markmið sem talin eru upp í greinargerðinni snúa einkum að því að auka skilvirkni fjármálamarkaðar héraendis. Gestir á fundum nefndarinnar fjölluðu ítarlega um fjármálamarkaðinn og mikill meiri hluti þeirra taldi að sala á hlut bankans væri mjög jákvætt skref fyrir bankakerfið og fjármálamarkaðinn í heild sinni. Nokkrir gestir töldu söluna tækifæri til þess að samkeppni verði virkari og framþróun þjónustuframboðs

## F J Á R L A G A N E F N D

fjölbreyttara og ódýrara heldur en nú er. En jafnframt var bent á að ekki væri sjálfgefið að salan breyti miklu um samkeppni á bankamarkaði.

### **Eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki.**

Eigendastefnan var endurnýjuð í febrúar 2020 og þar koma fram markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum. Markmiðin eru almenns eðlis sem eigandi, svo sem að umsýsla eignarhalds og starfsemi fjármálafyrirtækja stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar; að stuðla að samkeppni á fjármálamarkaði og að hámarka langtímavirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu. Einnig eru markmið sem snúa að einstökum fyrirtækjum svo sem Íslandsbanka þar sem fram kemur að stefnt sé að því að selja allan eignarhlut ríkisins í bankanum þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi.

Eftir sem áður er stefnt að því að ríkið eigi verulegan hlut í Landsbankanum til langframa. Markmiðið með eignarhaldinu er að stjórnvöld hafi ráðandi ítök í a.m.k. einni fjármálastofnun sem þjónustar almenning og hefur höfuðstöðvar hér á landi.

Tillaga Bankasýslunnar um sölu á hlutum ríkissjóðs núna er í samræmi við markmið eigendastefnunnar.

### **Um fyrirkomulag sölunnar.**

Í greinargerðinni og tillögu Bankasýslunnar er horft til þess að sala á eftirstandandi 65% hlut ríkisins fari fram í áföngum þar sem um stórar fjárhæðir er að ræða í samanburði við íslenskan hlutabréfamarkað. Skynsamlegt sé að tryggja sveigjanleika í sölufyrirkomulaginu til að hámarka virði eignarhlutar ríkissjóðs. Tillagan felur í sér að farin verði blönduð leið tilboðsfyrirkomulags og miðlunaráætlunar frekar en markaðssett útboð til almennings eins og gert var í fyrstu sölunni á 35% hlut. Horft er til þess að næsti áfangi sölumeðferðar fari fram með tilboðsfyrirkomulagi.

Meiri hlutinn tekur undir þau rök sem hníga að háværkun á verði eignarhlutarins þannig að dregið sé úr áhættu ríkissjóðs eins og frekast er unnt. Þar sem frumútboð hefur þegar farið fram og eignarhaldið er nú þegar fjölbreytt og dreift er hér um eðlilega söluaðferð að ræða. Almennungur getur að auki þegar keypt hlutabréf í bankanum á markaði.

### **Tillaga meiri hluta nefndarinnar.**

Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir mælir meiri hlutinn með því að framhaldið verði sala eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka í samræmi við tillögu Bankasýslu ríkisins og í samræmi við þau markmið sem fram koma í greinargerð ráðherra um málið.

### **Athugasemdir 1. minni hluta (Eyjólfur Ármannsson).**

1. minni hluti hafnar því að sérstök áhætta sé vegna 65% eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka. Ekki er til staðar freistnivandi, enda er aðkoma ríkisins að rekstri bankans undir eftirliti vegna þess og nánast öruggt er í sögulegu samhengi að ríkið þurfi að grípa inn í, verði bankakreppa, alveg óháð eignarhaldi.

Það er algjör fyrirsláttur að fyrirhuguð sala á eignarhlut stuðli að því markmiði að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til fjárfestinga. Sala arðbærra eigna veikir tekjustofna ríkissjóðs til lengri tíma. Jafnvel þótt allur ábati sölunnar færi í að greiða niður skuldir ríkissjóðs er alls óvíst hvort vaxtagjöld myndu lækka meira en sem

F J Á R L A G A N E F N D

nemur þeim reglulegu arðgreiðslum sem ríkissjóður verður af. Þá er skuldastaða ríkissjóðs ekki svo alvarleg að selja þurfi gulleggin til að fjármagna fjárfestingar, þvert á móti.

Flokkur fólksins er mótfallinn sölunni, en í ljósi þess að búið er að veita heimild til hennar er rétt að fjalla aðeins um söluferið.

Ef ráðherra hyggst selja 65% hlut í Íslandsbanka er nauðsynlegt að tryggja gæði nýrra eigenda umfram þau lágmarksskilyrði sem kveðið er á um í 42. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ríkið þarf að setja skilyrði fyrir fram um það hvers konar aðilar fái að eignast kerfislega mikilvægan viðskiptabanka. Fall forvera Íslandsbanka markaði upphaf keðjuverkandi atburðarásar sem olli gjaldþroti íslenska bankakerfisins í heild.

Ljóst er að gæði eigenda viðskiptabankanna voru ekki mikil, hér á árunum fyrir hrun. Þegar gæði eigenda viðskiptabankanna eru ekki fullnægjandi stóreykst áhætta ríkisins vegna kerfislega mikilvægra banka. Íslenska ríkið er lánveitandi til þrautavara gagnvart bankakerfinu og þar með samfélagið í heild. Samfélagið ber kostnaðinn ef bankakerfið riðar til falls. Glæfraskapur og freistnivandi geta orsakað slíkt fall, eins og sagan sýnir. Því ber okkur skylda til að gera ítarlegar kröfur um gæði eigenda og krefja þá eigendur sem koma til með að fara með virkan eignarhlut um langtímaáætlanir. Þar skiptir einnig máli orðspor, reynsla og fjárhagslegt heilbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst fara með virkan eignarhlut í Íslandsbanka og hvort ætla megi að í eignarhaldi tiltekins aðila felist minnsti grunur um að það gæti leitt til áhættusækni og sóknar í skammtímagróða sem feli í sér óstöðugleika og þannig að einhver hættu sé á því að það torveldi eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.

Ríkið þarf hér að gera mun meiri kröfur en gerðar eru í lögum um fjármálafyrirtæki enda er það ekki bundið af þeim, nema að lágmarki, og getur sett eigin skilyrði við söluna til að tryggja heilbrigði fjármálakerfisins þar sem stöðugleiki, samkeppni, hagkvæmni og hagur almennings, sparifjáreigenda og lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði haft að leiðarljósi. Ríkið þarf því einnig að krefja væntanlega kaupendur sem vilja fara með virkan eignarhlut í Íslandsbanka um fyrirætlanir þeirra með eignarhaldinu með því að þeir leggi fram skriflegar áætlanir sínar til lengri og skemmri tíma áður en ríkið samþykkir þá sem kaupendur.

Alþingi verður að koma að sölu bankanna með beinum og afgerandi hætti til að tryggja hagsmuni þjóðarinnar og samfélagsins þegar kemur að því að ákveða eignarhald á þessum mikilvægu stofnunum samfélagsins. Sala þarf að hafa skýr markmið er lúta að endurskipulagningu á lokuðum og litlum bankamarkaði á Íslandi þar sem samkeppni er lítil sem engin. Mörg tækifæri eru til staða þegar kemur að fjártækni (e. fintech) og er mikilvægt að stjórnvöld auki möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að koma inn á íslenskan bankamarkað sem myndi efla samkeppni og þjónustu við almenning. Mikilvægt er að Alþingi komi að setningu reglna sem myndi auka slíkt aðgengi til að auka samkeppni. Þetta þarf að liggja fyrir þegar kemur að sölu á Íslandsbanka. Þar skipta einnig markmið og gæði nýrra eigenda til lengri tíma meira máli en einskisgreiðsla við sölu.

Ríkisstjórnin er stefnulaus sem eigandi bankanna. Afleiðingin er engin samkeppni og sjálftaka í hagnaði. Hvorki liggja fyrir áform um hvernig megi tryggja aukna samkeppni með sölunni eða hvernig skuli tryggja gæði eigenda bankanna, sem er grundvallaratriði. Dettur einhverjum í hug að skyndilega hefjist samkeppni á íslenskum bankamarkaði með sölu bankanna? Auðvitað ekki.

## **Athugasemdir 2. minni hluta (Rósa Björk Brynjólfsdóttir).**

Samfylkingin telur að það hafi verið óráð að hefja frekari sölu á hlutum Íslandsbanka hf. á tímum gríðarlegrar óvissu í heimsmálum vegna heimsfaraldurs, án

F J Á R L A G A N E F N D

Þess að huga heildsætt að framtíðareignarhaldi bankanna og án nauðsynlegrar umræðu í samfélaginu um hvernig bankakerfið ætti að þróast. Frekari stefnumörkun er þörf áður en hafist er handa við að selja fleiri hluti ríkisins í Íslandsbanka. Slíkar ákvarðanir gætu byggt á uppfærðri Hvítbók um fjármálakerfið í kjölfar heimsfaraldurs og áhrif efnahagsþrenginga síðustu ár. Það eru hvorki ábyrg né sannfærandi rök fyrir sölu á hlut ríkisins í bankanum að skuldastaða ríkissjóðs sé svo slæm. Ríkissjóður er í góðri stöðu til að fjármagna sig og það er svigrúm og tími til þess að vanda betur til verka.

Næstu skref þurfa að miða að því að ná markmiðum um fjölbreytt, dreift og traust eignarhald sem stuðlar að virkri samkeppni á bankamarkaði til framtíðar. Einnig skortir framtíðarsýn um hvert hlutfall eiginfjár bankanna á að vera og um framtíðarsýn á aðskilnaði fjárfestingar- og viðskiptabanka.

Eins og nefnt hefur verið væri dreift eignarhald ólíkra áhrifafjórfa, m.a. erlends banka, í bland við þátttöku almennings ákjósanlegasta fyrirkomulagið til framtíðar og í samræmi við þróun erlendis. En það eitt og sér er ekki nóg. Svara verður þeirri spurningu hvernig bankakerfi tryggi góða og trausta þjónustu við fólk og fyrirtæki hér á landi. Þar þurfa leiðarstefin að vera fjölbreytni, ábyrg samkeppni, öflugt eftirlit, neytendavernd og örugg ódýr innlend greiðslumiðlun. Vega þarf og meta kosti samfélagsbanka og hlutverk Landsbankans, leitast við að laða að æskilega eigendur fjármálastofnana með þekkingu á bankarekstri og mikilvægt er að breytt kerfi verði til þess að lágmarka áhættu almennings af fjárfestingarbankastarfsemi.

Eignarhald bankanna verður að skapa fjármálastöðugleika og þjóna samfélaginu öllu. Stjórnvöld þurfa að leita allra leiða til þess að auka nýsköpun og samkeppni í bankakerfinu, slík atriði eiga að vega þungt þegar ríkið selur banka.

Samkeppniseftirlitið bendir á, áður en hlutirnir voru seldir í síðasta sölufarli, að við undirbúning ákvörðunar um svo veigamikla sölu á eignarhlut ríkisins sé mikilvægt að áhrif sölunnar á samkeppnisumhverfið séu metin þannig að virk samkeppni ásamt regluverki geti stutt við fjármálastöðugleika. Ekki sé fjallað um samkeppnismál í greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra um söluna, þrátt fyrir að íslenskur fjármálamarkaður beri sterk einkenni fákeppni. Lántakendur hafi úr fáum kostum að velja og bankarnir þrír í lykilstöðu að því er varðar þróun atvinnustarfsemi í landinu. Það vantar enn umfjöllun um áhrif sölu og breytinga á fjármálamarkaði á neytendur og samkeppni. Samfylkingin telur að læra verði af reynslunni frá síðasta útboði.

### ***Lífeyrissjóðir og samkeppni.***

Líklegir kaupendur hlutanna eru lífeyrissjóðir landsmanna. Lífeyrissjóðir hafa aukið hlut sinn í Íslandsbanka í kjölfar útboðsins 2021 og fóru með 15,3% hlut í byrjun árs 2022 samanborett við 9,4% eftir útboðið. Lífeyrissjóðirnir eiga nú þegar í Arion banka og eru einnig keppinautar bankanna á lánamarkaði, ásamt því að vera fyrirferðarmiklir viðskiptavinir bankanna. Samkeppnisleg vandamál geta skapast ef lífeyrissjóðirnir verða stærri eigendur bankakerfisins en nú er og því áhyggjuefni að lítið sé fjallað um áhrif þess í greinargerð þrátt fyrir að samkeppnisvandi geti auðveldlega skapast. Vandamálið er að ekki hefur bólað á áhugasömum, erlendum, ábyrgum fjárfestum. Jafnvel þó að regluverk um bankakerfið hafi gjörbreyst og batnað mikið frá hrúni er nauðsyn á virku og öflugu fjármála- og samkeppniseftirliti. Nauðsynlegt er að styrkja eftirlitsstofnanirnar svo þær geti sinnt lagalegum skyldum sínum en ekki draga úr áhrifum þeirra eins gert hefur verið undanfarin ár.

### ***Markaðir í óvissu.***

Í greinargerð fjármálaráðherra um sölu Íslandsbanka segir að „*allt bendir til þess að ásættanleg skilyrði séu fyrir frekari sölu á hlutum í Íslandsbanka m.v. núverandi*

F J Á R L A G A N E F N D

*markaðsaðstæður, ekki síst ef horft er til þróunar hlutabréfa hérlendis almennt og þróunar hlutabréfa í evrópskum bönkum.*“ Rökin fyrir sölu banka á þessum tímapunkti sem hafa vegið þungt eru að staða hlutabréfamarkaða sé góð. Nú er mikil óvissa um efnahagsþrengingar í Evrópu vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Innfluttar vörur munu líklega hækka í verði og verðbólga aukast hér á landi líkt og í Evrópu með tilheyrandi afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki. Staða á mörkuðum hér á landi og erlendis er að breytast og nauðsynlegt er að meta hvaða áhrif sala á bönkum við slíkar aðstæður geti haft á söluverð, fyrirtæki í viðskiptum við bankann og aðra þá sem eiga í viðskiptum við bankann. Hafin var sala á hlutum ríkisins í Íslandsbanka á miklum óvissutímum í heimsfaraldri en tímasetning á sölunni skiptir öllu máli. Hlutabréfin voru seld á undirverði og þeir sem þá keyptu hafa eða gátu selt sína hluti á um 60% hærra verði en þeir keyptu á. Það er skoðun Samfylkingarinnar að það megi ekki endurtaka sig.

### ***Erlendir langtímafjárfestar.***

Ef tekin verður ákvörðun um að selja hlut ríkisins í bankanum er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á að fá fjölbreyttari fjárfesta að borðinu og fleiri alþjóðlega fjárfesta og tilboðsfyrirkomulag getur verið betur til þess fallið að laða að langtímafjárfesta með reynslu. Reynslan frá útboðinu árið 2021 sýnir okkur að það er mjög krefjandi fyrir ríkið að fá erlenda fjárfesta að borðinu. Erlendir fjárfestar minnkuðu hlut sinn í bankanum eða seldu hann alfarið í kjölfar útboðsins og var eignarhlutur þeirra kominn niður í 7,4% í byrjun janúar 2022 frá því að hafa verið 10,5% í kjölfar útboðsins. Það þarf að gæta að því að erlendir kaupendur séu langtímafjárfestar og salan taki mið af því. Beina þarf því til Bankasýslunnar að setja það sem skilyrði að þeir erlendu fjárfestar sem koma inn séu langtímafjárfestar. Þrátt fyrir að ekki hafi borið á miklum áhuga erlendra banka á slíkum kaupum má ætla að innkoma trausts erlends banka yrði mjög jákvæð fyrir íslenskan fjármálamarkað.

Til þessara atriða og sjónarmiða sem reifuð hafa verið hér að ofan er nauðsynlegt að taka tillit áður en hlutir ríkisins í Íslandsbanka eru seldir enda þarf að vanda til verka við svo veigamiklar ákvarðanir fyrir íslenskt efnahagslíf, fyrirtæki og almenning allan.

### **Athugasemdir 3. minni hluta (Björn Leví Gunnarsson)**

Athugasemdirnar munu liggja fyrir um miðja næstu viku og verða sendar ráðuneytinu með bréfi þegar þar að kemur.